

**Nd.**

## **908. Breytingartillögur**

við frv. til 1. um almannatryggingar.

Frá Eysteini Jónssyni.

### 1. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Sjúkrabætur greiðast frá og með 8. veikindadegi og í allt að 26 vikur sam-tals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvist er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutað-eigandi hafi verið óvinnufær lengur en 10 daga.

Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sinum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum at-vinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

### 2. Við 43. gr. Greinin falli niður.